

Nd.

305. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við 1. gr.

Í stað orðanna: »eftir það . . . áfengan drykk« komi: »Engan áfengan drykk; má«.

Við 2. gr.

1. Í staðinn fyrir orðin: »en þó . . . að hann« komi: »Báðar þessar heimildir eru bundnar því skilyrði að vinandinn«.
2. Í stað orðanna: »Loks skal . . . kirkjudeild í landiau« komi: »Loks skal smáskamtalæknum heimilt að flytja frá útlöndum vínaanda til lyfjablöndunar og smáskamtalyf með vinanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests«.

Við 4. gr.

1. Í stað orðsins: »aðflytja« komi: »fá«.
2. Í stað orðsins: »innsigli« komi: »embættisinnsigli«.
3. Í stað: »3 mánuðir« komi: »6 mánuðir«.
4. Aftan við orðin: »selja umbúnir þess« komi: »nema sá er pantað hefir, kjósi heldur að áfengið verði á sinn kostnað endursent seljanda«.

Við 5. gr.

1. Í stað orðanna: »láta aðra . . . láta af hendi« komi: »leyfi öðrum skipverjum að láta af hendi«.
2. Í stað orðsins: »innsigli« (2. 1. 3. lið) komi: »embættisinnsigli«.

Við 6. gr.

1. Í stað orðsins: »strandgæzlumaður« komi: »hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra«.
2. (4. 1. 1. lið). Í stað orðsins: »innsigli« komi: »embættisinnsigli«.
3. Eftir 1. lið greinarinnar komi nýr liður svohljóðandi: »Sé um skipsforða að að ræða og skipseigandi sé erlendis, skal áfengið sent úr landi til hans á hans kostnað, nema hann kjósi heldur að því sé helt niður«.
4. Annar liður greinarinnar verði 3. liður.

Við 7. gr.

1. Í stað orðanna: »hér innanlands . . . og landi« komi: »né í landhelgi«.
2. Í stað orðanna: »innsigli« komi: »embættisinnsigli« (á tveim stöðum).

Við 8. gr.

8. gr. orðist svo: »Öllum mönnum er óheimilt að veita, gefa, selja eða láta af hendi á annan hátt áfengi til annara manna.

Þó mæga lyfsalar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðlum löggiltra lækna, en þó eigi oft en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra,

sem áfengi er í, setur landlæknir lýsðum reglur því til tryggingar að áfeng lyf verði eigi höfð til nautnaðar, heldur eingöngu til lækninga.

Við 9. gr.

1. Í stað: »8 vikur« komi: »4 mánuðir«.
2. Aftan við greinina bætist nýr liður svohljóðandi: »Nú er vínveitingaleyfi eða vinsöluleyfisfími einhvers manns ekki útrunninn, er lög þessi koma til framkvæmda, og hefir hann þá rétt til endurgreiðslu úr landssjóði á tiltölulegum hluta hins upphaflega leyfisgjalds«.

Við 10. gr.

Í staðinn fyrir annan lið greinarinnar komi: »Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sé í vörzlum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að sýna sönnunargögn þess, hvaðan honum eru komnar birgðirnar. Geti hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

Við 11. gr.

Í stað orðanna: »veitt er« komi: »hann selur eða veitir«.

Við 12. gr.

Síðari liður greinarinnar falli burtu.

Við 13. gr.

13. grein orðist svo: »Nú sést maður ölvaður, og skal þá heimilt að leiða hann fyrir dómara, er af honum er runnið. Skal hann skyldur til að skýra frá, hvar hann hafi fengið áfengi það, er hann varð ölvaður af. Geri hann það ekki, eða leiði skýring hans ekki til fullrar sönnunar á hendur seljanda eða veitanda, skal hann sæta sektum frá 50—200 kr.

Við 14. gr.

1. Í stað: »300—5000 kr.« komi: »200—2000 kr.«
2. Í staðinn fyrir: »varðar fangelsi« komi: »varðar sektum eigi minni en 500—5000 kr.«
3. Í staðinn fyrir: »betrunarhúsvinnu« komi: »ekki minna en 8 mánaða fangelsi«.
4. 4. liður orðist svo: »Áfengi það er ólöglega er flutt iðu í landið, skal ávalt gert upptækt og því helt niður«.

Við 15. gr.

1. Orðið: »visvitandi« (í 1. línu) falli burt.
2. Í staðinn fyrir: »500—2000 kr.« komi: »200—1000 kr.«
3. Í staðinn fyrir: »200—1000 kr.« komi: »100—2000 kr.«
4. Í staðinn fyrir: »alt að . . . 8 mánaða fangelsi« komi: »sektum frá 250—2500 kr.«

Við 16. gr.

Í staðinn fyrir: »Svo skulu . . . gert upptækt« komi: »Svo skulu og flutningstækin, ef aðalflutningurinn var áfengi, gerð upptæk«.

Við 18. gr.

18. gr. falli burt.

Við 19. gr.

19. gr., sem verður 18. gr., hljóði svo: »Allar sektir eftir lögum þessum renni að $\frac{4}{5}$ hlutum í landssjóð, en að $\frac{1}{5}$ hluta til uppljóstanda«.

19. gr. hljóði þannig: »Séu sektir eigi greiddar, skulu þær afplánaðar með fangelsisvist«.

Við 20. gr.

Í stað orðsins: »sakamál« komi »lögreglumál«.

Við 21. gr.

Í stað 21. greinar komi ný grein svo hljóðandi: «Sveitarstjórnur og lögreglustjórnur er sérstaklega skylt að sjá um að lögum þessum sé hlýtt«.

21. grein frumvarpsins verður 22. gr.

Við 22. gr.

1. 22. gr. verður 23. gr.

2. Í stað orðanna: »öðlast gildi« komi: »koma til framkvæmdar«.